

FRUMRIT  
MÁ EKKI FJARLÆGJA

# DIGRANESHLIÐAR.

Samþykkt í skipulagsnefnd 6. nóvember 1990.  
SKIPULAGSSKILMÁLAR 08. NOV. 1990.

Samþykkt í bæjarráði 8. nóvember 1990

Samþykkt í bæjarstjórn 8. nóvember 1990

Bæjarskipulag Kópavogs

*J.H.H.*

UTI OG INNI

BJORN S. HALLSSON OG JON KOR FORVALDSENI

## Efnisyfirlit

bls.

1.0	Lóðir, húsfélög, íbúðir	.....	1
2.0	Byggingarreitur	.....	3
3.0	Uppdrættir, hönnun	.....	3
4.0	Einbýlishús, parhús, raðhús	.....	3
5.0	Sambýlishús	.....	4
6.0	Þök	.....	4
7.0	Húsaðeir	.....	4
8.0	Stöllum gólfa	.....	5
9.0	Bílastæði, bílgeymslur	.....	5
10.0	Kjallarar	.....	6
11.0	Sameiginlegsvæði	.....	6
12.0	Gróður sem er til staðar	.....	6
13.0	Sorpgeymslur	.....	7
14.0	Frágangur	.....	7
Uppdráttur nr. 1	Lóðayfirlit	.....	2
"	" 2 Íbúðarhús ofan við götu	.....	8
"	" 3 " " " "	.....	9
"	" 4 Íbúðarhús neðan við götu	.....	10
"	" 5 " " " "	.....	11
"	" 6 Raðhús	.....	12
"	" 7 Sambýlishús, þversnið	.....	13
"	" 8 " þyrpingarsnið	.....	14
"	" 9 " rúmmyndardæmi	.....	15
"	" 10 Bílgeymslur felldar í landið	.....	16

## 1.0 Lóðir, húsfélög, íbúðir.

Um er að ræða 82 lóðir, 57 fyrir einbýlishús, 14 fyrir parhús, 4 fyrir raðhús og 7 fyrir sambýlishús. Þar sem íbúðir eru tvær eða fleiri á lóð skulu byggjendur ábyrgjast að húsfélag verði stofnað, enda beri þeir skyldur húsfélags þar til það hefur verið stofnað, sbr. lög um sameign í fjölbýlishúsum. Húsfélag tekur til lóðar samkvæmt því sem hér fer á eftir, sjá skýringaruppdrátt nr. 1:

1. Gnitaheiði nr. 8,10,12,14, Heiðarhjalli nr. 17,19,21,23,25,27.
2. Gnípuheiði " 5,7,9,11, Heiðarhjalli nr. 29,31,33,35,37,39.

Á hvorri ofangreindra lóða skal byggja eftirfarandi:

- a. Þrjú sambýlishús á 2 hæðum fyrir samtals 20 íbúðir. Annarsvegar er um að ræða tvær raðir með fjóðum samtengdum húsaeningum, hvor röð fyrir 8 íbúðir. Hinsvegar er um að ræða samtengt par tveggja húsaeninga, fyrir 4 íbúðir, sjá grein nr. 6.0.
  - b. Þrjár bílgeymsluraðir fyrir 20 bílgeymslur alls, eina á hverja íbúð fyrir jafnmarga bíla. Staðsetning og fjöldi í hverju tilviki kemur fram á mæliblaði.
  - c. Bílastæði fyrir 40 bíla, 20 þeirra framan við bílgeymslur ásamt 20 andspánis þeim bílgeymslum sem stærri eru, ásamt akstursleið að götu. Staðsetning og fjöldi kemur fram á mæliblaði.
  - d. Á milli húsa skal byggja sameiginlegt svæði til útivistar og leikja fyrir íbúa hlutaðeigandi íbúða, ásamt göngustígum að þájarstígum í lóðarmörkum. Staðsetning sameiginlegs svæðis og lega stíga skal vera í samræmi við skipulagsuppdrátt svæðisins. Kvöð er um umferðarrétt almennings um ofangreind sameiginleg svæði og stíga.
3. Heiðarhjalli nr. 10,12,14,16,18 og 20.


Á ofangreindri lóð skal byggja eftirfarandi:

- a. Þrjú sambýlishús á tveimur hæðum samtals fyrir 12 íbúðir. Hvert hús skal byggja sem samtengt par tveggja húsaeninga, með 4 íbúðum alls, hvor húsaening um sig með 2 íbúðum (sjá grein 6.0).
- b. Tólf samliggjandi bílgeymslur, eina á hverja íbúð viðkomandi húsa, fyrir jafnmarga bíla, sjá grein 10.0.
- c. Bílastæði fyrir 24 bíla, 12 framan við bílgeymslur og 12 andspánis sbr. staðsetningu á mæliblaði, ásamt akstursleið að götu.
- d. Á milli húsanna skal byggja sameiginlegt útivistar og leiksvæði fyrir íbúa hlutaðeigandi íbúð, ásamt göngustíg að Hlíðarhjalla. Kvöð er um umferðarrétt almennings um ofangreind sameiginleg svæði og stíga.

4. Gnitaheiði nr. 4 og 6.
5. Heiðarhjalli " 13 og 15.
6. Brekkuhjalli " 1 og 3.
7. " " 5 og 7.

Á hverri ofangreindra lóða (líðir 4, 5, 6 og 7) skal byggja eftirfarandi:

- a. Sambýlishús á tveimur hæðum fyrir 4 íbúðir. Hvert hús skal byggja sem samtengt par tveggja húsaæininga, hvor um sig með 2 íbúðum (sjá grein 6.0).
- b. Fjórar samliggjandi bílgeymslur, eina á hverja íbúð fyrir jafnmarga bíla (sjá grein 10.0).
- c. Bílastæði fyrir 8 bíla, ásamt akstursleið að götu eftir atvikum. Staðsetning og fjöldi í hverju tilviki kemur fram á málblaði.



## 2.0 Byggingarreitur.

Staðsetning byggingarreits og ystu mál á honum eru sýnd á mæliblaði. Út fyrir þau mörk verður þó mögulegt að byggja skjólveggi, svalir, garðstofur o.þ.l. með eftirfarandi takmörkum:

- a. Svalir geta náð út fyrir byggingarreit, en þó aldrei nær lóðarmörkum en í 3ja m. fjarlægð.
- b. Skjólveggir geta mest náð að 3ja m. fjarlægð frá lóðarmörkum.
- c. Auk ofangreindra liða er í tilfellum sambýlishúsa mögulegt að byggja garðskála, útitröppur að inngöngum o.þ.l. út fyrir byggingarreit, en þó aldrei nær lóðarmörkum en í 3ja m. fjarlægð.

Að öðru leyti tákna byggingarreitur hámarksstærð viðkomandi húss í grunnmyndum. Bundin lína byggingarreita (heildregin lína) tákna skilyrði um staðsetningu íbúðarhúss í viðkomandi lóð.

## 3.0 Uppdrættir, hönnun.

Uppdrætti að öllum húsum á sömu lóð, og í tilfellum þar sem hús tengjast saman (raðhús og parhús), ásamt öðrum mannvirkjum á viðkomandi lóð, skulu gerðir af einum og sama hönnuði. Gæta skal samræmis í gerð húsa á sömu lóð, og þar sem hús tengjast saman, hvað varðar útlit og frágang í smáatriðum, þ.á.m. þakhalla, þakfrágang, efnisval, áferð og litaval á byggingarhlutum almennt.

Höfundar skulu kynna hugmyndir sínar í tveimur áföngum:

1. Frumdrög (hönnun á hugmyndastigi) í mkv. 1:500 ásamt 1:200 eða 1:100 til umsagnar. Þar skal sýna lausn húss og lóðar í megindráttum í afstöðumynd, grunnmynd, útliti og sniði.
2. Byggingarnefndarteikning (aðalteikningar). Þar skal sýna nákvæma útfærslu á viðkomandi tillögu samkvæmt fyrirbyggjandi skilmálum og byggingarreglugerð ásamt öðrum fyrirmælum frá hendi bæjarins.

## 4.0 Einbýlishús, parhús og raðhús.

Á lóðum þessara húsgerða skal byggja íbúðarhús á tveimur hæðum fyrir eina íbúð. Vegna halla lands og aðstæðna í aðkomu verða neðrihæðir niðurgrafnar ofanvert í lóð, hversu mikið ræðst af aðstæðum í hverri lóð fyrir sig, sjá hæðarblað og skýringarmyndir nr. 2-6. Húslag er óbundið innan marka byggingarreits.

Út fyrir byggingarreiti er mögulegt að byggja skjólveggi, svalir o.þ.l., innan þeirra marka sem fram koma í grein nr.2,0.

## 5.0 Sambýlishús.

Sambýlishús samanstanda af röðum sambyggðra húsaæininga, tveimur eða fjórum saman. Í hverri húsaæiningu skulu vera tvær íbúðir. Gert er ráð fyrir að hver íbúð fyrir sig geti haft sjálfstæðan inngang. Sameiginlegir inngangar og stigagangar eru jafnframt mögulegir. Þar sem húsaæiningar standa fjórar saman má hliðra staðsetningu þeirra til í vestur- og austuráttir, til þess að skapa rúm fyrir sameiginlegan stigagang fjögurra íbúða. Sé sú skipan valin skal hliðrun vera frá miðju húsi og ganga jafnt í báðar áttir. Hún getur mest orðið 1,5 m. í hvora átt, 3,0 m. alls.

Út fyrir byggingarreiti er mögulegt að byggja skjólveggi, svalir, útitröppur að inngöngum, garðskála o.p.l., innan þeirra marka sem fram koma í grein nr. 2,0.

## 6.0 Þök.

Þök húsa, annara en nr. 43 og 45 við Heiðarhjalla skulu vera valmaþök. Halli skal vera á bilinu 15° - 25°.

Þök húsa nr. 43 og 45 við Heiðarhjalla skulu vera hlöðuþök, mað halla á ofangreindu bili, en með mæniasás í stefnu norður-suður.

Þakskegg sambyggðra húsa geta gengið út yfir sameiginleg lóðarmörk til jafns við aðrar þakbrúnir, en þó innan marká reglugerðar um brunavarnir og brunamál.

Mögulegt er að nýta þakrými sem hluta íbúðar, en ekki sem sjálfstæða íbúð. Kvistir eru ekki leyfðir, en gluggar í þakfleti eru mögulegir ásamt opnunum niður í þakfleti fyrir lóðrétta glugga. Hugsanlegar svalir tengdar íbúðarrými í þaki skulu felldar niður í þakið og geta ekki náð út fyrir húsvegg.

## 7.0 Húsahæðir.

Hæðarkótar fyrir aðkomuhæðir eru sýndir á hæðarblaði (gólfkótar). Mesta hæð húss (hámark) í mörkum byggingarreits er miðuð við hæð yfir tilgreindum hæðarkóta á hæðarblaði. Fyrir hús staðsett neðan við götu getur sú hæð verið mest 3,0 m., sjá skýringarmyndir nr. 4 og 5. Fyrir hús ofan við götu og með kvöð um stöllum gólfa getur mesta hæð orðið 7,0 m. sjá skýringarmynd nr. 3. Í öðrum húsum, þar með talin sambýlishús er samsvarandi hæð 6,3 m., sjá skýringarmyndir nr. 2, 6 og 7.

## 8.0 Stöllum gólfa.

Á einstaka lóðum einbýlishúsa er halli lands slíkur að stöllum gólfa um allt að hálfu íbúðarhæð er nauðsynleg kvöð til þess að stuðla að sem bestri aðlögun að landi. Slík kvöð er tilgreind með ST. á viðkomandi lóðum á hæðarblaði, sjá skýringarmyndir nr. 3 og 5.

Á þó nokkrum lóðum er halli lands jafnframt það mikill að hús í fullri dýpt byggingarreits eru á mörkum þess að falla undir ofangreinda kvöð. Þar sem þannig háttar er á hæðarblaði gefið til kynna að stöllum sé athugandi og/eða jafnvel æskileg, með merkingu um stöllum innan sviga (ST.), sjá skýringarmyndir nr. 2, 4, 6 og 7.

## 9.0 Bílastæði, bílgeymslur.

Á lóðum einbýlishúsa, parhúsa og raðhúsa skulu vera 3 bílastæði. Á lóðum sambýlishúsa 2 bílastæði á hverju íbúð. Staðsetning þeirra og fjöldi í hverju tilvikum kemur fram á málblaði.

Bílgeymslur skulu vera fyrir 1-2 bíla í einbýlishúsum en fyrir 1 bíl í parhúsum og raðhúsum. Í einbýlishúsum (öðrum en á lóðum nr. 41, og 43 við Heiðarhjalla) og parhúsum skulu þær vera innbyggðar í íbúðarhús, á neðrihæðum í húsum ofan við götu en á efrihæð á húsum neðan við götu.

Vegna mikils hæðarmunar í lóðum raðhúsa, nr. 5, 7, 9 og 11 við Heiðarhjalla, skal byggja bílgeymslur þeirra framan við og innundir neðrihæð húsanna, sbr. skýringarmynd nr. 6 og staðsetningu á málblaði. Þaki sem stendur fram undan húsi skal ganga frá sem verönd og/eða að byggja yfir það garðskála. Innri skipan íbúðar skal taka mið af því. Í lóðarmörkum við bílastæði framan við bílgeymslur lóða nr. 9 og 11 við Heiðarhjalla skal byggja stoðvegg 5,5 m. út frá bílgeymslum. Hæð þeirra upp við bílgeymslu skal vera jöfn innakstursropi en lækka að bílastæðishæð fjærst, sjá skýringarmynd nr. 6.

Parhús nr. 1 og 3 við Heiðarhjalla skulu hafa bílgeymslur byggðar fram úr húsi á sama hátt og ofangreind raðhús, en staðsetning í hæð skal vera hin sama og á aðkomuhæð íbúðarhúss. Um frágang á þaki þeirra gildi sama og um raðhúsin.

Á lóðum nr. 41, og 43 við Heiðarhjalla skal byggja bílgeymslur aðskildar frá húsum. Gerð þeirra og frágangur skal vera hinn sami og tilgreindur er fyrir bílgeymslur sambýlishúsa.

Fyrir hverju íbúð í sambýlishúsum skal byggja bílgeymslu fyrir 1 bíl. Staðsetning, stærð og fjöldi í hverju tilvikum er sýndur á málblaði. Til þess að sem minnst fari fyrir bílgeymslum sambýlishúsa í umhverfinu skulu þær felldar inn í landið, þannig að einungis framhlið þeirra sjáist að byggingu lokinni, sjá skýringarmyndir nr. 9 og 10. Að þeim skal m.ö.o. fylla með jarðvegi og þekja með garðagróðri á þrjár hliðar og ganga frá þaki þeirra sem lóð.

Mesta hæð frá jarðplötukóta ofan á þakplötu er 3,0 m. Gera skal ráð fyrir að jarðvegslag ofan á þakplötu sé a.m.k. 40 cm, en taki að öðru leyti mið af yfirborðshæð lands til hliðar og ofan við og samlagist þeim hæðum sem best.

Til að draga enn frekar úr áhrifum umræddra bílgeymslna í umhverfinu og til samræmingar í frágangi skal þak þeirra mynda skyggni 1 m. fram yfir innkeyrslur. Hæð á steiptum bita á frambrún skal vera 70 cm. Á þeim skal vera handrið af léttri gerð en að öðru leyti í samræmi við byggingarreglugerð. Hæðarmun lands frá efri frambrún bílgeymslu að bílastæðishæð skal taka upp með stoðveggjum, sjá skýringarmynd nr. 10. Raflýsingu fyrir bílastæði framan við umræddar bílgeymslur skal fella upp í skyggni þeirra.

Byggingu bílgeymslu skal ljúka samhliða byggingu íbúðarhúsa.

## 10.0 Kjallarar.

Kjallarar eru leyfilegir, þ.e.a.s. húshlutar undir neðrihæð samkvæmt skipulagi, en einungis fyrir geymslurými o.p.l. Þeir skulu vera niðurgrafnir og gluggalausir en loftaðir í samræmi við byggingarreglugerð.

## 11.0 Sameiginleg svæði.

Á þremur lóðum innan hverfisins er sérstaklega gert ráð fyrir sameiginlegum svæðum til útivistar og leikja fyrir íbúa tilheyrandi íbúða, sbr. liði nr. 1, 2 og 3 í grein nr. 1. Hönnun þeirra, framkvæmd og viðhald er á kostnað og ábyrgð hlutaðeigandi húsfélaga, en kvöð er um umferðarrétt almennings um þau svæði.

Nákvæmni í hæðarsetningu innan umræddra sameiginlegra svæða er nauðsynleg vegna mikils hæðarmunar innan þeirra. Af þeirri ástæðu er hæðarsetning þeirra gefin upp á hæðarblaði, hún er bindandi.

## 12.0 Gróður sem er til staðar.

Gróður sem er til staðar innan lóða og er hluti stærra gróðursvæðis utan lóða ber að vernda eftir föngum við alla hönnun og framkvæmdir. Á þetta jafnt við um hús og lóðafrágang. Sérstök athygli er vakin á því, að þar sem gróður er til staðar, þarf að fara mjög varlega í breytingar á lóðahæðum. Í bröttum lóðum er jafnframt nauðsynlegt að stalla (palla) gólfum í húsum til þess að skerða gróður sem minnst með breytingum á hæðarlegu lóða út frá húsum.



### 13.0 Sorpgeymslur.

Lokuð sorpgeymsla skal vera í eða við hvert hús. Þar sem sorpgeymsla er ráðgerð sjálfstæð skal staðsetning hennar ekki vera nær aðliggjandi lóð en sem nemur 3,0 m. Sorpgeymslu skal sýna á byggingarnefndarteikningum og skal vera að henni greiður aðgangur fyrir sorphreinsunarmenn jafnt sem íbúa hússins. Frágangi sorpgeymslu skal ljúka samhliða byggingu viðkomandi húss.

### 14.0 Frágangur.

Byggjendur skulu fullgera á sinn kostnað allt sameiginlegt varðandi viðkomandi hús, bæði úti og inni. Þar með er talið að ljúka hæðarfrágangi lóðar samkvæmt samþykktum byggingarnefndarteikningum. Lóðarhöfum er óheimilt að semja sig undan ákvæði þessu við sölu íbúða.

Frankvæmdatíma skal haga í samræmi við ákvæði úthlutunarskilmála.

Dæmi um lóðarhæð við austurhlíð byggingarreits.

Dæmi um lóðarhæð við vesturehlíð byggingarreits.

Pakhæð og halli m.v. 15° og gólf án stalla.

50-60 cm hugsanleg stöllum til hækkunar á efra gólfi upp úr lóðarhæð ásamt betri möguleikum á gluggum fyrir neðrihæðir ofanvert.

Pakhæð og halli m.v. 25°.


Pakrými hugsanlega nýtt sem hluti íbúðar.

Mesta hæð yfir aðkomukóta við útbrún byggingarreits.

Bílastæði.

Lóðarmörk að götu.

Gata.



ÍBÚÐARHÚS OFAN VIÐ GÖTU,  
ÁN KVAÐAR UM STÖLLUÐ GÓLF.

NR 2

Dæmi um lóðarhæð við austurhlíð byggingarreits.

Dæmi um lóðarhæð við vestrurhlíð byggingarreits.

Stöllum gólfa um hálfu íbúðarhæð (hugsanlega minna á efrihæð) til að ná efra gólfi upp úr lóðarhæð, ásamt betri aðlögun að landi.

Þakhæð og halli m.v. 15°, aukin lofthæð útsýnismegin (neðanvert) ef þak er án stalla.

Þakhæð og halli m.v. 25°, aukin lofthæð útsýnismegin (neðanvert) ef þak er án stalla.

Þakrymi hugsanlega nýtt sem hluti íbúðar.

Mesta hæð yfir aðkomukóta við útbrún byggingarreits.

Bílastaði.

Lóðarmörk að götu.

Gata.

ÍBÚÐARHÚS OFAN VIÐ GÖTU,  
MEÐ KVÖÐ UM STÖLLUÐ GÓLF.

NR 3

Gata.

Lóðarmörk að götu.

Bílastaði.

Mesta hæð yfir aðkomukóta við útbrún byggingarreits.

Pakhæð og halli m.v. 15°.

Pakhæð og halli m.v. 25°.

Pakrými hugsanlega nýtt sem hluti íbúðar.

50-60 cm hugsanleg stölluun gólfa, einkum til aukningar á hugsanlegu íbúðarrými í þaki.

Dæmi um lóðarhæð við austurhlíð byggingarreits.

Dæmi um lóðarhæð við vesturhlíð byggingarreits.

ÍBÚÐARHÚS NEÐAN VIÐ GÖTU,  
ÁN KVAÐAR UM STÖLLUÐ GÓLF.

NR 4

Gata.

Lóðarmörk að götu.

Bílastæði.

Mesta hæð yfir aðkomukóta við útbrún byggingarreits.

Þakhæð og halli m.v. 15°, aukin lofthæð útsýnismegin (neðanvert) ef þak er án stalla.


Þakhæð og halli m.v. 25°, aukin lofthæð útsýnismegin (neðanvert) ef þak er án stalla.

Þakrými hugsanlega nýtt sem hluti íbúðar.

Stóllun gólfa um hálfu íbúðarhæð (hugsanlega minna á efrihæð) til að forðast sökkulveggi upp úr lóðarhæð neðanvert og til að stuðla að aðlögun að lóð.

Dæmi um lóðarhæð við austurhlíð byggingarreits.

Dæmi um lóðarhæð við vesturhlíð byggingarreits.



ÍBÚÐARHÚS NEÐAN VIÐ GÖTU,  
MEÐ KVÖÐ UM STÖLLUÐ GÓLF.

NR 5

Gata.

Lóðarmörk að götu.

Bílastæði.

Stoðveggur í lóðarmörkum.

Mesta hæð frá aðkomukóta íbúðarhúss  
við útbrún byggingarreits.

Bílgeymsla.

Verönd á þaki bílgeymslu.


Þakrými hugsanlega nýtt sem hluti íbúðar.

Þakhæð og halli, m.v. 25°.

Þakhæð og halli m.v. 15°.

50-60 cm hugsanleg stöllum til hækunar á efra gólfu upp  
úr lóðarhæð ásamt betri möguleikum á gluggum fyrir  
neðrihæðir ofanvert.

Dæmigerð núverandi lóðarhæð.



RAÐHÚS, BÍLGEYMSLA UNDIR  
AÐKOMUHÆÐ ÍBÚÐARHÚSS.

NR 6

Dæmigerð núverandi lóðarhæð.

Lóðarhæð við hús m.v. gólf án stalla.

Lóðarhæð við hús m.v. stölluð gólf um 1,0 m.

Pakhæð og halli m.v. 15°.

Pakhæð og halli m.v. 25°.

Pakrými hugsanlega nýtt sem hluti íbúðar.


50-100 cm hugsanleg stöllum, til hækkunar á gólfi upp úr landhæð ofanvert en til lækkunar að lóðarhæð neðanvert.

Mesta hæð frá jarðhæðarkóta við útbrún byggingarreiða.

Fyllingarhæð við hús, m.v. gólf án stalla.

Fyllingarhæð við hús, m.v. stölluð gólf.

Dæmigerð núverandi lóðarhæð.



SAMBÝLISHÚS, ÞVERSNIÐ MEÐ  
EÐA ÁN STALLA Í GÓLFUM.

NR 7

Gata.

Heimreið að bílastæðum og bílgeymslu.

Hugsanleg innganga á hæð beint að utan.

Dæmigerð samþýlishúsaeyning.

Valmápak sbr. grein 7.0.

Opíð sameiginlegt svæði sbr. grein 12.0,  
sjá hæðarsetningu á hæðarblaði.

Hugsanleg innganga á hæð beint að utan.

Valmápak sbr. grein 7.0.

Dæmigerð samþýlishúsaeyning.


Dæmigerð núverandi lóðarhæð.

Gata.

SNEIÐINGARÐÆMI Í PYRPINGU  
SAMBÝLISHÚSA.

NR 8





Gata.

Helmreið að bílastaðum og bílgeymslu.

Valmáttak ebr. grein 7.0.

Opilð sameiginlegt svæði sbr. grein 12.0, sjá hæðarsetningu á hæðarblaði.

Hugsanleg innganga á hæð beint að utan.

Dæmi um útbyggingar/glerakála.

Bílgeymsla.

RÚMMYNDARDÆMI AF PYRPINGU  
SAMBÝLISHÚSA.

NR 9

Dæmigerð núverandi lóðarháð.

Bílgeymsla.

Fylling og lóðarfrágangur á þaki.

Handrið.


Stoðveggur.

Mesta hæð ofan á þakplötu.

Hæð skyggisbita.

Aðkeyrsla - bílastaði.

Dæmigerð núverandi lóðarháð.



SNEIÐINGARDÆMI FYRIR BÍLGEYMSLUR  
SEM FELLÐAR SKULU Í LANDIÐ.

NR 10